

Reykjavík 18. janúar 2016

Faxaflóahafnir sf.

b.t. Gísli Gíslason.

Vegna sammings um vatnstökurétt í landi Hlíðarfótar.

Á 42. stjórnarfundum í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar, dags. 12. okt. 2015, kom fram að Orkustofnun hefur nú gefið út nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Tungu og Hlíðarfótar í Svínadal í Hvalfjarðarsveit. Nýtingaleyfin eru skilyrt og lúta skilyrðin að því m.a. að við ákveðið lágrennsli verði vatnstaka takmörkuð. Nýtingarleyfið er veitt til 30 ára.

Milli Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar, Sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar og Elkem Íslands ehf. um frekari vatnstöku í landi Tungu liggur fyrir undirritaður samningur., dags 26. nóv., 2012.

Vatnsveitufélagið hefur kynnt áform sín um að byrja á að styrkja veituna í Tungu, enda tengist sú framkvæmd uppkomnum dælubúnaði og endurbótum á veitunni sem hefur verið unnið í að undanfögnu. Þá er áætlað að hefja undirbúning að iðnaðarvatnsveitu fyrir Grundartangasvæðið og í lok komandi 10 ára tímabils að hefja undirbúning á veitu frá Hlíðarfæti. Hraði þessara framkvæmda helgast af uppbyggingar á Grundartanga og í Hvalfjarðarsveit en miðað við núverandi stöðu mála er nýting úr landi Hlíðarfótar í fyrsta lagi í lok þessa 10 ára tímabils, væntanlega síðar. Það verkefni að tryggja vatnsréttindi annars staðar en í Tungu er liður í að uppfylla áðurnefndan samning milli sveitarfélagsins, hafnarinnar og Elkem.

Þegar samþykki eigenda liggur fyrir verða strax teknar upp viðræður við hagsmunaaðila, s.s. fulltrúa Hvalfjarðarsveitar og stjórn Veiðifélags Laxár um að skoða mögulegar mótvægisáðgerðir til að jafna rennsli árinna og að tryggja nákvæma mælingu á vatnsrennsli árinna.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt samninginn fyrir sitt leiti.

Í ljósi þess að tilskilin leyfi liggja nú fyrir frá Orkustofnun er óskað eftir að Faxaflóahafnir sf. samþykki samninginn frá 20. maí, 2014, við landeigendur Hlíðarfæti.

F.h. stjórnar.

Guðmundur Eiríksson

